

Drög að verklagsreglum vegna Óháðs fagráðs í Hafnarfirði

Um er að ræða drög sem ráðið vann að á fyrsti fundi sínum 11. október 2018. Vinnulag og verklagsreglur munu mótask á næstu misserum þegar unnið verður að málum sem inn koma.

- Ráðinu er ætlað að taka við erindum og álitamálum frá íþrótt- og tómstundafélögum í Hafnarfirði varðandi mál sem tengjast ofbeldi. Ráðið veitir félagasamtökum ráðgjöf varðandi vinnu við slík mál.
- Hægt er að leita til ráðsins varðandi:
 - Skoðun á siðareglum og verklagsferlum til umsagnar
 - Álitamálum tengdum ofbeldi í félagasamtökum sem félag hefur ekki tekist að leysa sjálf
 - Einstaklingsmál þar sem minnst einn aðili er yngri en 18 sem aðilar máls eru ekki sammála um málsmeðferð og úrlausn þess
 - Einstaklingar geta skotið málum til ráðsins sé þrautreynt að úrlausn hafi ekki fengist innan viðkomandi félags.
- Skrifleg erindi skulu berast ráðinu í gegnum pósthafið ohadfagrad@hafnarfjordur.is og ráðið gefur skriflega umsögn eða álit tilbaka. Ráðið getur kallað eftir viðbótargögnum eða að fá aðila máls á fund til að gera grein fyrir einstökum atriðum.
- Fagráðið skal gæta trúnaðar um öll mál sem ráðinu berast
- Eingöngu er hægt að vísa til ráðsins erindum og málum frá íþrótt- og tómstundafélögum sem er með gildan samstarfssamning við Hafnarfjarðarbæ.
- Mál sem tengjast ofbeldi eru tekin upp af ráðinu sé minnst einn aðili þess yngri en 18 ára. Mál milli fullorðinna eru ekki á könnu ráðsins.
- Ráðið hefur aðgengi að sérfræðingum Hafnarfjarðarbæjar um einstök mál.
- Fagráðið skal funda þegar mál berast því og hittast eigi sjaldnar en einu sinni á önn.

Fagráðið skal senda yfirlit síðasta árs til þeirra aðila sem skipuðu þá í ráðið og til stjórnar ÍBH við upphaf hvers árs.

Fagráðið kemur aldrei í staða tilkynninga til lögreglu og barnaverndar vegna ofbeldismála.